



Æskulýðsstarf Rótarý

Einn áhrifamesti þáttur alþjóðaþjónustu Rótarý eru nemendaskipti sem standa til boða börnum rótarýfélaga jafnt sem öðrum. Ávinningur nemendaskipta er ótvíræður því nemandinn lærir tungumál, hann kynnist menningu framandi þjóða, öðlast reynslu daglegs lífs í framandi landi, stofnar til vináttu við fjölskyldur og skólafélaga, kynnist hugsjón Rótarý í verki, er þátttakandi í starfi rótarýklúbbs og er rótarýfélagi framtíðarinnar. Góður kiptinemi er góð landkynning og framlag til friðar í heiminum.

Aðallega er um að ræða fjórar tegundir af nemendaskiptum:

Nemendaskipti eitt skólaár

(Long - Term program)

Skiptinernarnir sem eru 16 til 18 ára dveljast ellefu mánuði í gestgjafalandinu á heimilum rótarýmanna og öðrum heimilum sem rótarýklúbbar á viðkomandi stað velja. Oftast dvelur hver skiptinemi á tveimur til fjórum heimilum þessa ellefu mánuði. Ætlast er til að skiptin séu gagnkvæm þannig að þeir klúbbar sem senda nemendur utan, taki á móti jafnmörgum í staðinn.



Eitt markmiða hvers rótarýklúbbs getur verið að taka á móti æskufólki frá öðrum löndum til dvalar á Íslandi og senda íslenskt æskufólk til annarra landa til að auka því viðsýni og þroska og einnig að sýna erlendu námsfólki velvilja og gestrisni í verki.

Nemendaskipti eru í flestum tilfellum gagnkvæm skipti milli tveggja umdæma eða rótarýklúbba. Venjulega velur rótarýklúbbur með aðstoð og samþykki æskulýðsnefndar þann skiptinema sem hann vill senda til ársdvalar og taka ábyrgð á eftir að skrifleg umsókn hefur borist og farið hefur fram ítarlegt viðtal við umsækjandann og foreldra hans.

Æskulýðsnefndin undir stjórn formanns hennar samræmir nemendaskiptin, sér um undirbúning, leiðbeinir klúbbum, nemandanum og foreldrum og sér um öll samskipti við erlenda umdæmið sem tekur á móti. Skiptinemar sem fara á vegum klúbbsins greiða sjálfir kostnað við undirbúning, ferðir og tryggingar. Rótarýklúbbur sem fóstara skiptinema skipar honum trúnaðarmann, karl eða konu. Hlutverk trúnaðarmanns er að taka á móti skiptinemanum og ef því verður við komið að fóstara hann fyrstu vikuna, kynna hann fyrir fósturfjölskyldunum og vera í sambandi við skólann sem hann gengur í, fylgjast með námi og ástundun. Trúnaðarmaður tekur skiptinemann með sér á rótarýfundi og aðra viðburði hjá klúbbum, eins og árshátíð, útivistarferðir, heimsóknir í aðra klúbba og umdæmisþing (sem er skyldumæting fyrir skiptinemann).

Trúnaðarmaður finnur og velur fósturfjölskyldur með aðstoð æskulýðsnefndar, en foreldrar sem senda skiptinema verða að skuldbinda sig (skriflega) til að fóstara skiptinema í ellefu mánuði, sem skiptist á tvö ár.

Áætlaður kostnaður klúbbs vegna skiptinema er um 170 þús. kr.

Mánaðargreiðsla

(11 mán., 7.500,- á mán. í vasapening)	kr.	82.500,-
Skólagjöld	kr.	20.000,-
Skólabækur	kr.	30.000,-
Íslenskunámskeið	kr.	20.000,-
Annað	kr.	17.500,-
Samtals:		kr.170.000,-

Ungmennaskipti í 3 til 12 vikur

(Family to Family)

Tímabil:	þrjár til tólf vikur
Aldur:	16 til 24 ára
Heimili;	dvalið hjá fjölskyldu
Milligönguaðili:	æskulýðsnefnd
Umsóknarfrestur:	fyrir 1. apríl ár hvert

Þetta eru gagnkvæm skipti milli tveggja fjölskyldna. Dvalartími er samkomulag milli þeirra og getur verið allt að þrjú mánuðir. Gott tækifæri til málanáms. Þátttakendur greiða ferðakostnað, vasapeninga og tryggingar.

Sumarbúðir

(Camps)

Tímabil:	tvær til þrjár vikur
Aldur:	16 til 24 ára
Heimili;	hjá fjölskyldu / sumarþúðum
Milligönguaðili:	æskulýðsnefnd
Umsóknarfrestur:	skv. boðsbréf til rótarýklúbba

Boð berast til æskulýðsnefndar í upphafi árs um þátttöku í sumarþúðum þar sem um er að ræða gönguferðir, skoðunarferðir, hjóltreifaferðir, fjallaferðir, bátsferðir, skíðaferðir eða annað skemmtilegt. Þátttakendur greiða ferðakostnað, vasapeninga og tryggingar (í fáum tilfellum þurfa þátttakendur að greiða smá aukakostnað, t.d. viðbótartryggingu). Allt annað er kostað af gestgjafanum. Íslenska rótarýumdæmið býður upp á sumarþúðir fyrir erlend ungmenni annað hvert ár.



Sumarbúðir fyrir fatlaða

(Handicamp)

Tímabil: tvær vikur
Aldur: 16 til 24 ára
Heimili; dvalið í sumarbúðum
Milligönguaðili: æskulýðsnefnd
Umsóknarfrestur: samkv. boðsbréfi til rótarýklúbba

Boð berast til æskulýðsnefndar í upphafi árs um þátttöku í sumarbúðum fyrir fatlaða ásamt aðstoðarfólki þar sem fram fer þjálfun, íþróttir, leikir, skoðunarferðir, bátsferðir, hestaferðir eða annað skemmtilegt. Þátttakendur greiða vasapeninga, ferðakostnað og tryggingar. Allt annað er kostað af gestgjafanum.

Georgíustyrkir - (GRSP)

(Eins árs vól við háskóla í Georgíu, USA)

Íslenskum námsmönnum á aldrinum 18 til 24 ára býðst eins árs námsdöl við háskóla í Georgíu. Börn Rótarýfélaga geta sótt um til jafns við aðra. Umsækjendur mega ekki hafa dvalist áður við nám í Bandaríkjunum lengur en 4 mánuði. Styrkþegi býr á stúdentagörðum en er í „umsjá“ ákveðins Rótarýklúbbs/klúbba og á þar sína stuðningsfjölskyldu og trúnaðarmann. Styrkurinn greiðir skólagjöld, námsgögn, herbergi og fæði á stúdentagarði og smávægis vasapeninga. Styrkþegar þurfa sjálfir að sjá um sjúkra- og slysatryggingu, fargjald og vasapeninga til viðbótar. Rótarýmenn í Georgíu ákveða í hvaða skóla hver styrkþegi fer. Þetta er ekki skiptiþrógramm og því er engin krafa gerð til annarra landa um að taka á móti nemendum frá Georgíu.

Umsóknarfrestur um GRSP styrki er til 1. okt. ár hvert. Fylla þarf út sérstakt umsóknareyðublað sem fáanlegt er á umdæmisskrifstofu og á heimasíðu Georgíustyrkjanna: www.grsp.org

Yfir 60 Íslendingar hafa hlotið Georgíustyrk frá byrjun og undanfarin ár hafa að jafnaði 1 til 4 Íslendingar hlotið styrkinn á hverju ári.

ROTEX

(samtök fyrrverandi rótarý-skiptinema)

ROTEX eru samtök fyrrverandi rótarý-skiptinema sem hafa eftirfarandi markmið:


- Að starfa með rótarýhreyfingunni og verðandi skiptinimum til að hagnýta þá alþjóðlegu samskiptabekkingu og reynslu sem þeir hafa öðlast af dvöl sinni erlendis og deila henni með þeim á persónulegan hátt.
- Að styrkja þau vináttubönd er hafa myndast milli skiptinema, bæði innlendra og erlendra.
- Að standa fyrir ýmsum uppákomum er varða rótarý-skiptinema.

Skrifstofa rótarýumdæmisins

Íslenska umdæmið er með skrifstofu að Suðurlandsbraut 54, 2. hæð, 108 Reykjavík.

Skrifstofan er opin frá kl. 10:00 til 12:00 virka daga. Síminn er 568-2233 og netfang rotary@simnet.is.

Heimasíða umdæmisins er www.rotary.is og þar má komast inn á heimasíður fjölmargra íslenskra rótarýklúbba.



Allt fyrir æskuna!

Kynningarbæklingur
æskulýðsnefnd Rótarý

